



Rangárþing ytra

Fjárhagsáætlun 2021-2024

Samantekt - Forsendur

Lagt fyrir sveitarstjórn Rangárþings ytra 26. nóvember 2020

# Forsendur áætlunar fyrir helstu tekjustofna

## Útsvar:

Samkvæmt staðgreiðsluáætlun frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga er gert ráð fyrir að greidd staðgreiðsla hækki um 3,2% milli ára, þ.e. frá endurskoðaðri áætlun 2020. Gert er ráð fyrir að tekjur af útsvari 2021 verði samtals 937,5 milljónir kr. Útsvarsprósenta er óbreytt milli ára 14,52%

## Fasteignagjöld:

Áætlun fasteignagjalda er samkvæmt áætlunarálagningu úr álagningarkerfi Þjóðskrár og er þar tekið tillit til hækkana á fasteignamati. Álagningarprósentur eru óbreyttar milli ára, 0,36% í A-flokki og 1,65% í C-flokki. Áætluð álagning á virkjanir er skv. fasteignamati. Áætlað er að tekjur af fasteignaskatti hækki um 3% milli ára.

## Fasteignagjöld 2021

|                  |                    |
|------------------|--------------------|
| Fasteignaskattur | 264.123.000        |
| Lóðaleiga        | 17.803.000         |
| Virkjanir        | 115.135.000        |
|                  | <b>397.061.000</b> |

Fasteignaskattur skiptist sem hér segir:

| Tegund                              | Álagning 2021      | Hækkun      | Álagning 2020      |
|-------------------------------------|--------------------|-------------|--------------------|
| 1 Fasteignaskattur almennt          | 126.563.000        | 4,4%        | 121.282.000        |
| 2 Fasteignaskattur atvinnuhúsnæði   | 115.248.000        | 1,7%        | 113.282.000        |
| 3 Fasteignaskattur opinbert húsnæði | 22.312.000         | 2,2%        | 21.834.000         |
|                                     | <b>264.123.000</b> | <b>3,0%</b> | <b>256.398.000</b> |

## Sorpgjöld:

Sorpgjald er áætlað kr 51.806.000 árið 2021. Gjaldskrá hækkar um 3,5% milli ára.

## Vatnsgjöld:

Vatnsgjald sem rennur til Vatnsveitu er samkvæmt gjaldskrá Vatnsveitu. Heildar vatnsgjöld frá Rangárþingi ytra og Ásahreppi eru áætluð kr. 94.980.000. Gjaldskrá er tengd byggingarvísitölu og hækkar skv. því.

### Holræsagjöld:

Holræsagjöld eru 0,25% af fasteignamati og eru áætluð kr. 33.500.00 árið 2021. Nýtt gjald kemur inn vegna tæmingu rotþróa í dreifbýli, tekjur þar eru áætlaðar kr. 12.000.000. Heildartekjur fráveitu eru því áætlaðar 45.500.000.

### Jöfnunarsjóður:

Framlög jöfnunarsjóðs eru áætluð kr. 257.263.000 skv. áætlun sjóðsins. Upphafleg áætlun vegna 2020 var 314 milljónir, þá áætlun var svo búið að lækka í 251 milljón en svo komu viðbótarframlög núna í nóvember ca. 18 milljónir. Þessi áætlun er því lækkun á milli ára en það verður svo að koma í ljós hvort að bætt verði í framlög næsta árs.

### Aðrar tekjur:

Gjaldskrár Odda hækkar um 2,5% milli ára. Aðrar gjaldskrár hækka að jafnaði í samræmi við hækkun vísitölu neysliverðs.

### Yfirlit yfir tekjur í aðalsjóði

| Málafli | Skýring                    | Skatttekjur          | Þjónustutekjur     | Tekjur alls          |
|---------|----------------------------|----------------------|--------------------|----------------------|
| 00      | Skatttekjur                | 1.591.777.000        |                    | 1.591.777.000        |
| 02      | Félagsmál                  |                      | 3.700.000          | 3.700.000            |
| 04      | Fræðslumál                 |                      | 83.071.000         | 83.071.000           |
| 05      | Menningarmál               |                      | 100.000            | 100.000              |
| 06      | Íþróttá- og æskulýðsmál    |                      | 122.941.000        | 122.941.000          |
| 07      | Almannavarnir              |                      | 690.000            | 690.000              |
| 08      | Hreinlætismál              |                      | 52.811.000         | 52.811.000           |
| 09      | Skipulags- og byggingarmál |                      | 25.283.000         | 25.283.000           |
| 10      | Samgöngumál                |                      | 2.102.000          | 2.102.000            |
| 11      | Umhverfismál               |                      | 400.000            | 400.000              |
| 13      | Atvinnumál                 |                      | 9.709.000          | 9.709.000            |
| 21      | Sameiginlegir liðir        |                      | 25.475.000         | 25.475.000           |
|         | <b>Aðalsjóður samtals</b>  | <b>1.597.777.000</b> | <b>320.282.000</b> | <b>1.918.059.000</b> |

Hér má sjá heildartekjur í aðalsjóði að undanskildum fjármagnstekjum, skipt niður á málaflokka.

## Forsendur launaáætlunar

Heildarlaunakostnaður samstæðunnar er áætlaður kr. 986.495.000. Taflan hér á eftir sýnir skiptingu milli málaflokka. Launakostnaður er áætlaður út frá gildandi kjarasamningum og áætluðum starfsmannafjölda í hverri stofnun. Með nýjum kjarasamningum hefur launakostnaður hækkað umtalsvert og er því verið að gera ráð fyrir að draga saman í fjölda stöðugilda til að vinna á móti hækkunum.

|                               | <b>2021</b>        |
|-------------------------------|--------------------|
| 00 Skattekjur                 | 0                  |
| 02 Félagsmál                  | 8.831.000          |
| 04 Fræðslumál                 | 649.936.000        |
| 05 Menningarmál               | 0                  |
| 06 Íþróttá- og æskulýðsmál    | 84.328.000         |
| 07 Almannaáarnir              | 0                  |
| 08 Hreinlætismál              | 0                  |
| 09 Skipulags- og byggingarmál | 18.778.000         |
| 10 Samgöngumál                | 778.000            |
| 11 Umhverfismál               | 451.000            |
| 13 Atvinnumál                 | 3.375.000          |
| 21 Sameiginlegir liðir        | 107.782.000        |
| 22 Lífeyrisskuldbinding       | 6.170.000          |
| Þjónustumiðstöð               | 95.657.000         |
| Félagslegar íbúðir            | 0                  |
| Suðurlandsvegur 1-3 ehf       | 9.881.000          |
| Vatnsveita                    | 528.000            |
| <br>                          |                    |
| Samtals                       | <b>986.495.000</b> |

## Annar rekstrarkostnaður - forsendur

Annar rekstrarkostnaður samstæðunnar er áætlaður kr. 684.810.000. Útgjaldaþörf var metin fyrir hverja stofnun/deild og áætlað út frá því. Lögð var áhersla á að draga úr kostnaði til að mæta lækkuðum tekjum eftir því sem hægt var.

|                               | <b>2021</b>          |
|-------------------------------|----------------------|
| 00 Skatttekjur                | 0                    |
| 02 Félagsmál                  | 117.729.000          |
| 03 Heilbrigðismál             | 2.296.000            |
| 04 Fræðslumál                 | 394.814.000          |
| 05 Menningarmál               | 11.483.000           |
| 06 Íþrótt- og æskulýðsmál     | 233.612.000          |
| 07 Almannaþingarmál           | 27.678.000           |
| 08 Hreinlætismál              | 62.346.000           |
| 09 Skipulags- og byggingarmál | 38.913.000           |
| 10 Samgöngumál                | 86.251.000           |
| 11 Umhverfismál               | 20.504.000           |
| 13 Atvinnumál                 | 17.769.000           |
| 21 Sameiginlegir liðir        | 63.858.000           |
| 27 Óreglulegur liðir          |                      |
| <b>Aðalsjóður samtals</b>     | <b>1.067.193.000</b> |
| Eignasjóður                   | 75.433.000           |
| Þjónustumiðstöð               | 28.741.000           |
| Millifærslur A-hluta          | -537.115.000         |
| <b>A-hluti samtals</b>        | <b>634.252.000</b>   |
| Félagslegar íbúðir            | 2.525.000            |
| Fráveita                      | 27.599.000           |
| Leiguíbúðir                   | 6.731.000            |
| Suðurlandsvegur 1-3 ehf       | 20.322.000           |
| Vatnsveita                    | 49.101.000           |
| Rangárljós                    | 6.000.000            |
| Millifærslur B-hluta          | -61.720.000          |
| <b>A og B hluti samtals</b>   | <b>684.810.000</b>   |

## Yfirlit yfir helstu breytingar í hverjum málaflokki

- Skatttekjur lækka um 0,4% milli 2019 og 2020 skv. útkomuspá 2020. Það er svo gert ráð fyrir að skatttekjur aukist um 1,8% milli 2020 og 2021. Til samanburðar voru tekjur að vaxa um ca. 7% milli 2018 og 2019 og upphafleg áætlun 2020 gerði ráð fyrir að tekjur myndu aukast um tæp 6% frá 2019. Mestur er samdráttur í tekjum frá jöfnunarsjóði.
- Kostnaður vegna félagsþjónustu hækkar um 4,3% milli ára skv. áætlun. Þar sem flestir útgjaldaliðir sem koma til okkar frá byggðarsamlögum sem við höfum ekki beina stjórn á kostnaði.
- Kostnaður vegna fræðslumála hækkar um 14,3% milli árána 2019 og 2020 skv. útkomuspá 2020. Sú hækkun er að mestu leyti til komin vegna launahækkana. Hins vegar er gert ráð fyrir lækkun um 0,7% milli 2020 og 2021. Þar af er áætlun Odda bs að lækka um rúm 2% á meðan framlög til Tónlistarskóla og Skólalþjónustu hækka. Stjórnendur hjá Odda bs fóru ýtarlega yfir rekstur sinna stofnana og náðu fram sparnaði bæði í launakostnaði og öðrum rekstrarkostnaði án þess að það eigi að koma niður á þjónustu. Áfram er gert ráð fyrir að niðurgreiða að fullu fæðisgjöld nemenda í grunnskólum. Gert er ráð fyrir að greiða skólakostnað grunnskólabarna og leikskólabarna frá Bakkabæjum til Rangárbings eystra, samtals um 14 milljónir. Gert er ráð fyrir að áfram sé hægt að taka inn börn frá ca. 12 mánaða inn á báða leikskóla. Reglur um heimgreiðslur verða óbreyttar. Gert er ráð fyrir að loka leikskólum og skólalagheimili kl. 15.00 á föstudögum til að auðvelda styttingu vinnuvikunnar án kostnaðarauka.
- Kostnaður vegna menningarmála lækkar um 42,2% milli ára. Þarna er gert ráð fyrir tímabundnum skerðingum á styrkjum og framlögum til menningarviðburða og annara menningarmála.
- Kostnaður vegna íþróttá- og æskulýðsmála lækkar um 3,8% milli ára. Ekki er gert ráð fyrir breyttum opnunartíma á íþróttamiðstöð á Hellu en sparnaði náð með að draga úr innkaupum og tækjum og búnaði. Gert er ráð fyrir að endurskoða opnunartíma á Laugalandi yfir vetrartímamann til að ná fram sparnaði. Einnig er gert ráð fyrir að endurskoða rekstur íþróttamiðstöðvar í Þykkvabæ til að ná fram sparnaði. Gert er ráð fyrir að samningar við íþróttafélög verði óbreyttir. Rekstrarkostnaður félagsmiðstöðvar lækkar en gert ráð fyrir óbreyttri starfsemi. Áætlun vegna heilsueflandi samfélags óbreytt milli ára 2 milljónir.
- Framlög til brunavarna lækka um ca. 5 milljónir milli ára. Fyrirséð er að rekstrarafgangur verði af rekstri brunavarna í ár miðað við áætlun og kemur það til lækkunar framlaga á næsta ári.
- Gert ráð fyrir að draga úr kostnaði vegna sorphreinsunar í samstarfi við Sorpstöð. Almenn sorphirða verður með óbreyttu sniði en skoða þarf fyrirkomulag hreinsunarátaka, reksturs grendarstöðva og heimsendra gáma til að leita sparnaðar. T.d. með því að hafa betra eftirlit með því að rétt sé flokkað í gáma.
- Svipuð upphæð er áætlun í viðhald gatna og árið á undan. Kostnaður vegna almenningsamgangna dettur út og gert ráð fyrir meðalári í snjómokstri.
- Í skipulagsmálum er gert ráð fyrir auknum kostnaði að fjárhæð kr. 2 milljónir vegna undirbúnings umsókna í framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Gert ráð fyrir heldur meiri kostnaði vegna deiliskipulags og aðalskipulags í samræmi við stöðuna á þessu ári.
- Í umhverfismálum er dregið úr kostnaði við refa- og minkaveiðar og umhirðu opinna svæða.

- Í atvinnumálum fara út 1,5 milljónir sem áætlað var í upplýsingamiðstöð á þessu ári og var reyndar ekki nýtt. Ekki er gert ráð fyrir atvinnuátaki í sumarstörf eins og var á þessu ári. Það verður sett í viðauka ef ástæða þykir til þegar nær dregur sumri.
- Sameiginlegur kostnaður lækkar um 2,5% milli ára. Stefnt er að því að ná niður kostnaði við endurskoðun miðað við árin á undan. Kostnaður vegna skrifstofu lækkar um 3,5% frá áætlun 2020. Kostnaður vegna reksturs bifreiða fer úr 2 milljónum í 450 þús. Akstur hefur dregist mjög saman vegna Covid. Höfum verið með 2 bílaleigubíla. Þeim verður báðum skilað og í staðinn fengnir bílar frá áhaldahúsi ef hægt er eða greitt fyrir afnot einkabifreiða. Gert ráð fyrir 1,5 milljónum vegna árshátiðar starfsmanna, sem er þá umfram það sem áætlað í þann kostnað hjá hverri stofnun fyrir sig. Þar sem að engin árshátið var haldin 2020 vegna Covid er hugmyndin að halda heldur veglegri árshátið 2021 þegar aðstæður vegna Covid leyfa.
- Heldur er dregið úr viðhaldi eigna hjá eignasjóði. Annar rekstarkostnaður lækkar um 5,5% milli ára.
- Í áhaldahúsi er gert ráð fyrir að launakostnaður dragist saman um 17,5% frá viðaukaáætlun 2020, enda ekki gert ráð fyrir auknum fjölda sumarstarfsmanna. Ákveðið var að fresta endurnýjun tækja sem áætlað hafði verið að fara í 2021.

## Fjárfesting

- 35 milljónir áætlað í fjárfestingu vegna Dvalarheimilis á Lundi. Kostnaður sem útaf stendur vegna búnaðar í nýbyggingu.
- Áætlað að verja 250 milljónum til að halda áfram með skólabyggingar á Hellu.
- 5,6 milljónir til að klára uppgjör vegna viðbyggingar við íþróttahús á Hellu.
- Áður hafði verið gert ráð fyrir að verja fjármunum til að koma Laufskálum 2, þeim hluta sem keyptur er af Brunavörnum 2020, undir aðra starfsemi. Því er frestað þar sem að ekki liggur fyrir hvaða starfsemi mun fara í rýmið. Það verður skoðað í samræmi við nýjar skólabyggingar.
- Áætlað að setja 4,7 milljónir (hlutur RY) í að klára bílapan á Laugalandi og 10 milljónir í gatnaframkvæmdir á Hellu.
- Áætlað að setja 2 milljónir í að fegrun umhverfis við þjóðveginn en ekki gert ráð fyrir fjármagni í leikvelli og útivistarsvæði árið 2021.
- 5 milljónir áætlaðar í fjárfestingu hjá Fráveitu til að undirbúa framkvæmdir sem þarf að ráðast í á næstu árum.
- Vatnsveita gerir ráð fyrir 41 milljón í sinni áætlun til að klára það verkefni sem nú stendur yfir við Lækjarbotnaveitu.